

Reykjavík, 29. nóvember 2022/GT

Akraneskaupstaður
B.t. Halla Marta Árnadóttir,
Skipulagsfulltrúi
halla@akranes.is
Dalbraut 4
300 Akranes

Varðar: Akraneshöfn - Nýr hafnarbakki við Aðalhafnargarð - Framkvæmdaleyfisumsókn (Endurumsókn)

Framkvæmdir við Akraneshöfn - Nýr hafnarbakki við Aðalhafnargarð eru háðar framkvæmdaleyfi Akraneskaupstaðar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Faxaflóahafnir stefna að því að hafjast handa við framkvæmdaundirbúning þessara verkefna vorið 2023. Útboð á stálþili og stagefni fyrir bakkagerð er lokið og efni komið til landsins. Í framhaldi af því verður verkið boðið út í heild og felst í því, dýpkanir og bygging bryggjukants. Reiknað er með að verktími verks verði um 1,5 - 2 ár og framkvæmdir standi yfir á árunum 2023 - 2024.

Faxaflóahafnir spurðust fyrir um matsskyldu framkvæmda í samræmi við 6. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Akranesbæjar, Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir 26. september 2018 og var niðurstaða stofnunarinnar, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, að fyrirhugaðar endurbætur á Aðalhafnargarði Akraneshafnar, séu ekki líklegar til að hafa á för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skulu því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Með umsókn fylgja eftirfarandi gögn:


1. Akraneshöfn - Endurbætur á Aðalhafnargarði. Mat á umhverfisáhrifum - fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda. Júní 2018. Unnið af Mannviti fyrir Faxaflóahafnir.
2. Akraneshöfn - Endurbætur á Aðalhafnargarði. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun, 26. sept 2018.

Eins og sagði í úrskurði Skipulagsstofnunar þá er framkvæmdin háð framkvæmdaleyfi Akraneskaupstaðar samkvæmt 13. -15. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Samfara umsókn um framkvæmdaleyfi munu Faxaflóahafnir óska eftir leyfi frá Umhverfisstofnun fyrir varpi dýpkunarefna í hafið skv. 9.gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig munu Faxaflóahafnir óskað eftir leyfi Orkustofnunar til efnistöku af hafsbotni sbr. lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Óskað er samþykktar Akranesbæjar og útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir þessar framkvæmdir eins og þeim er lýst í þeim skjölum sem fylgja erindinu. Faxaflóahafnir sf vonast til að framanskráðar upplýsingar séu fullnægjandi til að hægt verði að afgreiða erindið formlega eins fljótt og auðið er. Ef þörf er á frekari upplýsingum eða skýringum erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til að veita þær.

Virðingarfyllst,



Gunnar Tryggvason
Hafnarstjóri